

Nefndarálit

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Makedóníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Jóhannsson og Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Makedóníu sem undirritaður var í Zürich 19. júní 2000.

Fríverslunarsamningurinn er gerður í framhaldi af samstarfsyfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Makedóníu sem undirritað var í Vaduz í mars 1996 og er hluti af viðleitni EFTA-ríkjanna til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í Makedóníu og á Balkanskaga í heild.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 12. mars 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir,
form., frsm.

Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Magnús Stefánsson.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.